

Reykjavík 8. september 2014.

Úrskurður nr. 4/2014

Kærandi: A

Kæruefni: Kærður er úrskurður Tollstjóra um endurákvörðun nr. 1/2014 END dags. 20.01.2014.

Með stjórnslukæru til Ríkistollanefndar dags. 6. febrúar 2014, en móttekin hinn 10. Febrúar 2014, kærir B f.h. kæranda endurákvörðun Tollstjóra dags. 20. janúar 2014, nr. 1/2014 END. Jafnframt áskilur kærandi sér rétt til að skila greinargerð vegna kærunnar innan kærufrests, þ.e. fyrir 21. mars 2014. Endurákvörðun Tollstjóra snýr að endurákvörðun gjalda af fjórum nánar tilgreindum vörusendingum, af Latex hönskum og Nitrile hönskum, en ágreiningur er milli Tollstjóra og kæranda um tollflokkun vörunnar.

Aðilar eru þó sammála um að flokka beri vöruna í tnr. 4515 : Fatnaður og hlutar til hans (þar með taldir hanskar, belgvettlingar og vettlingar) til hvers konar nota, úr vúlkaniseruðu gúmmí, þó ekki harðgúmmí; Aðila greinir hins vegar á um undirliði.

Kærandi telur að flokka beri vöruna í
-Hanskar, belgvettlingar og vettlingar
tnr. 4015.1100 -- Til skurðlækninga

Tollstjóri telur að flokka beri vöruna í
-Hanskar, belgvettlingar og vettlingar
-- Aðrir:
tnr. 4015.1909 --- Annars

Aðdragandi málsins er sá að með bréfi til kæranda dags. 20. ágúst 2013 tilkynnti Tollstjóri kæranda að til þess gæti komið að hann endurákvæðaði aðflutningsgjöld af nánar tilgreindum fjórum vörusendingum, sem kærandi hefði fengið tollafgreiddar. Með bréfi dags. 20. desember 2013 andmælti kærandi fyrirhugaðri endurákvörðun Tollstjóra. Í andmælabréfi kæranda segir m.a.:

“ Efni: Andmæli vegna fyrirhugaðrar endurákvörðunar

Tollstjóri hefur tilkynnt B, framkvæmdarstjóra A, um fyrirhugaða endurákvörðun á tollflokkun öryggishanska sem félagið flytur inn til landsins. Framangreindur hefur veitt undirritaðri umboð til þess að fara með málið, sjá fylgiskjal nr. 1. Með tölvupósti þann 4. desember sl. var félaginu veittur lokafrestur til 20. desember 2013 til að koma að andmælum vegna þessa.

Kröfugerð:

Þess er krafist að hanskar þeir er A flytur inn til landsins, og nánar eru tilgreindir í tilkynningu Tollstjóra um fyrirhugaða endurákvörðun dags. 20. ágúst 2013, verði færðir í tnr. 4015.1901.

Málsatvik:

A hefur um árabíl flutt inn hanska fyrir milligöngu Cemex Trescon í Hollandi. Um er að ræða hanska sem falla í svokallaðan flokk 3 (Cat III) og eru vottaðir af viðurkenndri vottunarstofu í samræmi við reglur 501/1994. Hanskar þessir eru framleiddir af virtu framleiðslufyrirtæki í Malasíu, Top glove, sem sérhæfa sig í framleiðslu slíkra hanska. Nefnd skoðunarvottorð eru gefin út af SATRA til framleiðanda hanskana, sjá fylgiskjal nr. 2 og 3. Pökkun fer einnig fram hjá framleiðanda og eru hanskarnir sendir hingað til lands beint frá framleiðanda sbr. upprunavottorð, sjá fylgiskjal nr. 4, en Top glove bíður viðskiptavinum sínum uppá pökkunarþjónustu sem felst í því að sú hönnun sem viðkomandi viðskiptavinur kýs er prentuð á pakkningarnar sem hönskunum er pakkað beint í.¹ Þær pakkningar sem hanskarnir eru í við komu hingað til lands eru því upprunalegar pakkningar þeirra frá framleiðanda.

Málsástæður og lagarök:

Eins og að framan er getið hefur A lagt fram skoðunarvottorð frá SATRA, viðurkenndri skoðunarstofu í samræmi við reglur 501/1994, til handa Top glove í Malasíu, framleiðanda hanskana sem að auki sjá um pökkun þeirra og sendingu til A á Íslandi, sbr. áður nefnt upprunavottorð.

Samkvæmt VI. viðauka við reglur nr. 501/1994 fer EB-gerðarprófun þannig fram að viðurkenndur skoðunaraðili athugar hvort eintak af persónuhlíf uppfylli viðeigandi skilyrði og vottar að svo sé. Eðli málsins samkvæmt, og í samræmi við það sem fram kemur í 3. gr. viðaukans, sendir framleiðandi skoðunaraðila tiltekinn fjölda eintaka af viðkomandi persónuhlíf í þessu tilliti. Að auki fer skoðunaraðili yfir tæknileg gögn frá framleiðanda er varða framleiðslu viðkomandi persónuhlífar og staðreynir að varan sé

¹ Sjá svar við spurningu nr. 3 undir Our products og FAQs á heimasíðu Top glove, sótt þann 18. desember 2013. <https://www.topglove.com.my/index.php/our-products/faqs>

framleidd í samræmi við þau. Vottorð þetta er í kjölfarið sent framleiðanda sem notar það í viðskiptum sínum í framhaldi. Viðskiptavinir hans treysta því að framleiðsluferlið sé óbreytt eftir útgáfu skoðunarvottorðs. Vottorð hafa fullt sönnunargildi um þessi efni.

Af hálfu Tollstjóra hefur því verið haldið fram að ósannað sé að framlögð skoðunarvottorð eigi við þá hanska sem hér um ræðir. A telur augljóst, af framlögðum gögnum og þeim úrskýringum sem hér eru ritaðar, að skoðunarvottorð þessi eigi í raun við umrædda hanska og framleiðsluferli þeirra. A hefur, auk nefndra skoðunarvottorða, lagt fram yfirlýsingu frá seljanda þess efnis að skoðunarvottorð þessi eigi við umrædda hanska, sjá fylgiskjal nr. 6. Þá hefur Tollstjóri undir höndum tölvupóstsamskipti seljanda og framleiðanda frá 3. til 10. október 2013 sem sýna, svo ekki verður um villst, að framlögð skoðunarvottorð eru komin frá framleiðanda, sjá fylgiskjal nr. 5. A telur ótækt að rengja þær yfirlýsingar og þau vottorð sem fram hafa verið lögð af hálfu bæði framleiðanda og seljanda.

Í samræmi við úrskurð ríkistollanefndar í máli nr. 13/2010 ber að líta svo á að vottanir viðurkenndrar skoðunarstofu í samræmi við reglur 501/1994, um að umræddir hanskar falli í flokk 3 (Cat III), jafngildi viðurkenningu af hálfu Vinnueftirlitsins í skilningi tollskrár. Þegar af þeim sökum, og með vísan til framangreinds, ber að flokka þá hanska sem hér um ræðir í tnr. 4015.1901.

Sé óskað frekari upplýsinga verður undirrituð fúslega við því. “

Með andmælum kæranda fylgdu m.a. eftirfarandi fylgiskjöl:

Afrit skoðunarvottorðs vegna Nitrile hanska og Latex hanska og afrit upprunavottorðs.

Þrátt fyrir röksemdir og andmæli kæranda endurákvarðaði Tollstjóri gjöld vegna nefndra fjögurra sending. Í endurákvörðun Tollstjóra dags.. 20 janúar 2014 segir m.a. :

“Efni: Úrskurður Tollstjóra nr.1/2014 END um endurákvörðun aðflutningsgjalda.

I.

Aðdragandi málsins.

Með bréfi, dags. 20. ágúst 2013 sl. var tilkynnt að til þess gæti komið að Tollstjóri endurákvarðaði aðflutningsgjöld af neðangreindum sendingum sem innflytjandi, A, hefur fengið tollafgreiddar:

Sendingarnúmer	Tollafgreiðsludagur:
1. E GOD 04 12 2 NL RTM V652	04.12.2012
2. E GOD 11 09 2 NL RTM W025	11.09.2012
3. E SEL 28 05 2 NL RTM W149	29.05.2012
4. E BRU 21 05 2 NL RTM V187	21.05.2012

Fyrirhuguð endurákvörðun byggðist á eftirfarandi athugasemdum :

1. E GOD 04 12 2 NL RTM V652

Reikningur sem notaður var til grundvallar tollafgreiðslu er eftirgreindur vörureikningur frá fyrirtækinu Cemex Trescon í Hollandi.

Reikningur nr. 1221917, dags. 14.11.2012 að upphæð USD 40.340,00.

Á ofangreindum reikningi var eftirfarandi vara:

7501 Latex handschoenen poedervrij S	USD 3.374,50.
8501 Latex gloves powder free M	USD 15.681,50.
9501 Latex gloves powder free L	USD 11.116,00.
10501 Latex handschoenen poedervrij XL	USD 3.176,00.
1002 Nitrile gloves powder free S	USD 644,00.
1003 Nitrile gloves powder free M	USD 2.116,00.
1004 Nitrile gloves powder free L	USD 2.392,00.
1005 Nitrile gloves powder free XL	USD 1.840,00.

Endurskoðunardeild Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 4015-1100, skv. tollskrá, en þar segir:

4015 Fatnaður og hlutar til hans (þar með taldir hanskar, belgvettlingar og vettlingar), til hvers konar nota, úr vúlkaníseruðu gúmmí, þó ekki harðgúmmí:

-Hanskar, belgvettlingar og vettlingar
4015.1100 - - Til skurðlækninga

Rétt tollflokun er að mati endurskoðunardeildar Tollstjóra hins vegar í tollskrárnúmer 4015-1909, skv. tollskrá en þar segir:

4015 Fatnaður og hlutar til hans (þar með taldir hanskar, belgvettlingar og vettlingar), til hvers konar nota, úr vúlkaníseruðu gúmmí, þó ekki harðgúmmí:

-Hanskar,belgvettlingar og vettlingar

-- Aðrir:

4015.1909 **--- Annars**

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Samkvæmt túlkunarreglu nr 1 við tollskrá eru fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgja meðal annars 6 túlkunarreglu við tollskrá. Þar kemur fram að í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri **4015-1100** hvílir:

- 25,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

Á tollskrárnúmeri **4015-1909** hvílir hins vegar:

- 25,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs og plastumbúðum (BV og BX gjöld).
- A – tollur 15%.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

2. E GOD 11 09 2 NL RTM W025

Reikningur sem notaður var til grundvallar tollafgreiðslu er eftirgreindur vörureikningur frá fyrirtækinu Cemex Trescon í Hollandi.

Reikningur nr. 1215940, dags. 22.08.2012 að upphæð USD 40.805,00.

Á ofangreindum reikningi var eftirfarandi vara:

7501	Latex handschoenen poedervrij S	USD 3.007,50
8501	Latex gloves powder free M	USD 14.636,50.
9501	Latex gloves powder free L	USD 11.027,00.

10501	Latex handschoenen poedervrij XL	USD 3.007,50.
4400	Latex handschoenen medical S	USD 452,40.
5500	Latex handschoenen medical M	USD 1.357,20.
6600	Latex handschoenen medical L	USD 892,40.
7700	Latex handschoenen medical L	USD 377,00.
1002	Nitrile gloves powder free S	USD 564,00
1003	Nitrile gloves powder free M	USD 2.021,00.
1004	Nitrile gloves powder free L	USD 1.880,00.

Endurskoðunardeild Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 4015-1100, skv. tollskrá, en þar segir:

4015 *Fatnaður og hlutar til hans (þar með taldir hanskar, belgvettlingar og vettlingar), til hvers konar nota, úr vúlkaníseruðu gúmmí, þó ekki harðgúmmí:*

-Hanskar, belgvettlingar og vettlingar

4015.1100 ***- - Til skurðlækninga***

Rétt tollflokun er að mati endurskoðunardeildar Tollstjóra hins vegar í tollskrárnúmer 4015-1909, skv. tollskrá en þar segir:

4015 *Fatnaður og hlutar til hans (þar með taldir hanskar, belgvettlingar og vettlingar), til hvers konar nota, úr vúlkaníseruðu gúmmí, þó ekki harðgúmmí:*

-Hanskar, belgvettlingar og vettlingar

- - Aðrir:

4015.1909 ***- - - Annars***

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá, sbr. hér að ofan.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri **4015-1100** hvílir:

- 25,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

Á tollskrárnúmeri **4015-1909** hvílir hins vegar:

- 25,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

- A – tollur 15%.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

3. E SEL 28 05 2 NL RTM W149

Reikningur sem notaður var til grundvallar tollafgreiðslu er eftirgreindur vörureikningur frá fyrirtækinu Cemex Trescon í Hollandi.

Reikningur nr. 1209544, dags. 16.05.2012 að upphæð USD 40.805,00.

Á ofangreindum reikningi var m.a. eftirfarandi vara:

4400	Latex handschoenen medical S	USD 452,40.
5500	Latex handschoenen medical M	USD 1.357,20.
6600	Latex handschoenen medical L	USD 829,40.
7700	Latex handschoenen medical XL	USD 377,00.

Endurskoðunardeild Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 4015-1100, skv. tollskrá, en þar segir:

4015 *Fatnaður og hlutar til hans (þar með taldir hanskar, belgvettlingar og vettlingar), til hvers konar nota, úr vúlkaníseruðu gúmmí, þó ekki harðgúmmí:*

-Hanskar,belgvettlingar og vettlingar

4015.1100 - - Til skurðlækninga

Rétt tollflokun er að mati endurskoðunardeildar Tollstjóra hins vegar í tollskrárnúmer 4015-1909, skv. tollskrá en þar segir:

4015 *Fatnaður og hlutar til hans (þar með taldir hanskar, belgvettlingar og vettlingar), til hvers konar nota, úr vúlkaníseruðu gúmmí, þó ekki harðgúmmí:*

-Hanskar,belgvettlingar og vettlingar

- - Aðrir:

4015.1909 - - - Annars

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá, sbr. hér að ofan.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri **4015-1100** hvílir:

- 25,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

Á tollskrárnúmeri **4015-1909** hvílir hins vegar:

- 25,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs og plastumbúðum (BV og BX gjöld).
- A – tollur 15%.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

4. E BRU 21 05 2 NL RTM V187

Reikningur sem notaður var til grundvallar tollafgreiðslu er eftirgreindur vörureikningur frá fyrirtækinu Cemex Trescon í Hollandi.

Reikningur nr. 1209243, dags. 14.05.2012 að upphæð EUR 2.848,70.

Á ofangreindum reikningi var m.a. eftirfarandi vara:

7501 Latex handschoenen poedervrij S EUR 192,60.

8501 Latex gloves powder free M EUR 1.155,60.

Endurskoðunardeild Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 4015-1100, skv. tollskrá, en þar segir:

4015 Fatnaður og hlutar til hans (þar með taldir hanskar, belgvettlingar og vettlingar), til hvers konar nota, úr vúlkaníseruðu gúmmí, þó ekki harðgúmmí:

-Hanskar,belgvettlingar og vettlingar

4015.1100 - - Til skurðlækninga

Rétt tollflokun er að mati endurskoðunardeildar Tollstjóra hins vegar í tollskrárnúmer 4015-1909, skv. tollskrá en þar segir:

4015 Fatnaður og hlutar til hans (þar með taldir hanskar, belgvettlingar og vettlingar), til hvers konar nota, úr vúlkaníseruðu gúmmí, þó ekki harðgúmmí:

-Hanskar,belgvettlingar og vettlingar

- - Aðrir:

4015.1909 - - - Annars

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá, sbr. hér að ofan.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri **4015-1100** hvílir:

- 25,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

Á tollskrárnúmeri **4015-1909** hvílir hins vegar:

- 25,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs og plastumbúðum (BV og BX gjöld).
- A – tollur 15%.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

II.

Andmæli.

Frestur til andmæla var upphaflega veittur til 5. september 2013. Fresturinn var síðan framlengdur til 15. október að beiðni B. Fresturinn var síðan framlengdur til 10. nóvember, 22. nóvember, 6. desember og að síðustu til 20. desember að beiðni B hdl.

Upphaf málsins má rekja til 20. ágúst 2013 er tollstjóri sendi fyrirtækinu tilkynningu um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda. Að mati tollstjóra hafði fyrirtækið ranglega tollflokkað einnota hanska sem hanska til skurðlækninga. Vakin er athygli á því að þann 5. maí 2011 úrskurðaði tollstjóri í máli gegn A að umrædd vara ætti að flokkast í tollskrárnúmer 4015-1909 sem ber 15% A – toll en ekki í tollskrárnúmer 4015-1100, sem hanska til skurðlækninga, sem ber engan toll. Fyrirtækið samþykkti þann úrskurð án andmæla. Þrátt fyrir það er fyrirtækið ennþá að nota umrætt tollskrárnúmer (hanskar til skurðlækninga). Varan sem tollstjóri úrskurðaði um í maí 2011 er sama varan og er hér til umfjöllunar.

Þann 18. september 2013 kom B framkvæmdastjóri A á fund með fulltrúum tollstjóra. Hafði hann með sér sýnishorn af þeirri vöru sem hann flytur inn frá CMT í Hollandi og einnig sýnishorn af hönskum sem Ríkistollanefnd hafði úrskurðað um þann 12.júlí 2012 (úrskurður nr 2/2011). Ríkistollanefnd hafði úrskurðað að vara sem var til umfjöllunar hjá þeim ætti að tollflokka í tollskrárnúmer 4015-1901, sem öryggishanskar. Að áliti Smára er um sömu vöru að ræða. Fór hann því munnlega fram á að þeir hanskar sem eru til umfjöllunar hér flokkist í tollskrárnúmer 4015-1901.

Ríkistollanefnd hefur í úrskurði nr. 13/2010, dags. 26.04.2012 skilyrt hvaða eiginleika hanskar þurfi að hafa til að tollflokka í tnr. 4015-1901, sem öryggishanskar:

- 1. Umbúðir utan um hanska þurfa að vera CE-merktar.**
- 2. Númer skoðunarstofu þarf að vera á umbúðum.**
- 3. Umbúðir utan um vöru þurfa að merktar með Category III (flokkur 3 , flóknar persónuhlífar).**
- 4. Viðeigandi táknmyndir eiga að vera á umbúðum.**

Tollstjóri hefur haft til skoðunar umbúðir um vöru þá sem er til meðferðar hér og jafnframt þá vöru sem Ríkistollanefnd hafði til meðferðar í úrskurði nr 2/2011. Sú vara uppfyllir öll ofangreind skilyrði en umbúðir frá A gera það hins vegar ekki. Það vantar númer skoðunarstofa á umbúðir og einnig kemur hvergi fram að umrædd vara

sé í Category III sem flókin persónuhlíf. Á botni umbúðanna stendur hins vegar “Minimal risk only”. Einnig er letrað á umbúðir “Quality according to” en á umbúðum utan um þá vöru sem var til meðferðar í úrskurði 2/2011 er letrað “ tested according to EN374-2, en-374-3 og EN 388”. Það vantar því tvö af þeim fjórum atriðum sem Ríkistollanefnd skilyrta fyrir notkun tollskrárnúmers 4015-1901.

Eftir fundinn með innflytjanda þann 18. september 2013, var B gert það ljóst að hann þyrfti að verða sér úti um vottorð “EC Declaration of product conformity- Council Directive 89-686/EEC”. Þann 7. október kom svo tölvupóstur frá Smára sem innihélt EC-Type Examination Certificate frá Satra. Í framhaldi af því hafði tollstjóri samband við skoðunarstofuna Satra, sem gaf út vottorðin, þar sem hann óskaði eftir þeirra álitni á skírteininu. Í svari Michael Cooper hjá Satra kom fram að þessum skírteini hafi augljóslega verið breytt enda vanti nafn fyrirtækisins/framleiðanda á þau. Skírteini þessu eru ávallt gefin út á ákveðin fyrirtæki/framleiðanda.

Þann 10. október sendi Cemex í Hollandi tollstjóra afrit af upprunalegum EC-Type Examination Certificate. Skírteinin eru gefin út á framleiðandann Top Glove. Í framhaldi af því óskaði tollstjóri eftir upplýsingum frá CMT í Hollandi, hverju það sætti að hanskarir sem þeir væru að selja væru þrátt fyrir þessi skírteini merktir sem „minimal risk only“. Svar barst aldrei við þessari einföldu fyrirspurn.

Tollstjóri hafði síðan samband við SATRA, sem er sú skoðunarstöð sem gaf út tilvitnuð skírteini. Tollstjóri óskaði eftir almennu álitni þeirra í máli þessu. Í svari þeirra kemur m.a. fram eftirfarandi : ... „any re-branding of a product by an importer into the EU should have a CE certificate with that brand name included. In which case we can issue what we term as "Extension " certificates which are requested and agreed by the original certificate holder and would need to have their own technical file assessed by the notified body before it is issued.“

Með öðrum orðum þá hefði CMT þurft að fá útgefið viðbótarvottorð (Extension certificate), sem væri gert með samþykki framleiðandans í Malasíu og byggt á framlögðum tækniskýrslum. Þá fyrst hefðu þeir hanskar sem hér eru til umfjöllunar fengið úttekt fullgildrar skoðunarstofu og myndu flokkast í viðeigandi flokk byggt á þeirri rannsókn.

Að mati tollstjóra er engin tenging á milli hanskana sem CMT flytur inn til Hollands og þeirra skírteina (EC-Type Examination Certificate) sem liggja fyrir. Ekki kemur fram á umræddum skírteinum að varan falli í flokk 3 sem flóknar persónuhlífar (Category III).

Andmæli bárust frá B þann 20. desember 2013. Þar fullyrðir B að umræddir hanskar falli í flokk 3 (Category III). Að mati tollstjóra er það ekki rétt. Á umbúðum vörunnar kemur hvergi fram að hún falli í umræddan flokk. Að auki er letrað á botn umbúðanna “Minimal risk only”. Einnig kemur fram í úrskurði Ríkistollanefndar nr. 13/2010 að búnað í Category III skuli merkja með kenninúmeri viðurkennds aðila, í þessu tilviki prófunarstofu. Þessar upplýsingar vantar á umbúðir frá CMT í Hollandi.

Einnig bendir B á það að A hafi lagt fram skoðunarvottorð frá Satra (EC Type-Examination Certificate), viðurkenndri skoðunarstofu (fylgiskjal nr. 2 og 3 í andmælum). Þó að umrædd skírteini liggi fyrir er ekki hægt að sjá beina tengingu

milli hanskana sem fluttir voru inn til landsins af A og þeirra hanska sem tilteknir eru á umræddum skírteinum. Þeir eru nefndir á vottorðum , Nitrile og Latex Examination Gloves, sem framleiddir eru af Top Glove í Malasíu. Hafa þeir í huga að Top Glove framleiðir gríðarlega mikið magn af þess konar hönskum. Eðlilegt hefði verið að Item nr. sem fram koma á vörureikningum sem lagðir voru til grundvallar við tollafgreiðslu hefðu verið á umræddum skírteinum svo hægt hefði verið að tengja saman skírteini og vöruna sem hér um ræðir.

Eins og fram kemur hér að ofan hefur Ríkistollanefnd skilyrt hvaða eiginleika hanskar þurfi að uppfylla til að tollflokkast í tollskrárnúmer 4015-1901 sem öryggishanskar, sem er það tollskrárnúmer sem innflytjandi telur að flokka eigi umrædda vöru í. Að mati tollstjóra uppfyllir sú vara sem hér er til umfjöllunar aðeins tvö atriði af fjórum. Númer viðurkenndrar skoðunarstofu vantar á umbúðir og einnig þurfa umbúðir að vera merktar sem Category III (flóknar persónuhlífar).

Einnig virðist að varan sem var til umfjöllunar í úrskurði Ríkistollanefndar nr 2/2011 hafi farið í ítarlegri prófanir því á þær umbúðir er letrað “ **Tested according to EN374-2, EN-374-3 og EN 388**” en á umbúðum utan um þá vöru sem er hér til meðferðar er aðeins letrað ” **Quality according to NEN-EN 374 1-2-3/ EN 455-1-2-3- EN 420/ AQL 1,5**”.

Af umbúðunum eða öðrum fyrirliggjandi gögnum verður því ekki ráðið að þeir hanskar sem hér eru til umfjöllunar falli í flokk 3(Category III).

Með hliðsjón af því sem rakið er hér að framan og þeim rökum er fram koma í fyrirhuguðum úrskurði tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda þykir ekki tilefni til að fallast á andmæli fyrirsvarsmanns fyrirtækisins. Boðaðar breytingar koma því til framkvæmda með úrskurði þessum

III.

Niðurstaða.

Tollstjóri telur að aðflutningsgjöld af umræddum sendingum hafi ekki verið rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu.

Hefur því verið ákveðið að endurákværða aðflutningsgjöld af umræddum sendingum í samræmi við 111. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Gjalddagi viðbótarfjárhæðar þegar aðflutningsgjöld eru endurákvörðuð er tollafgreiðsludagur vörusendingar, sbr. 7. mgr. 120. gr. tollalaga nr 88/2005.

Um dráttarvexti fer skv. 1. mgr. 125. gr. tollalaga , en þar kemur fram að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með eindaga og fram að greiðsludegi. Þegar fyrirhuguð endurákvörðun er byggð á 111.gr verða dráttarvextir þó einungis reiknaðir tvö ár aftur í tímann frá þeim degi sem úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda er kveðinn upp. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar **E GOD 04 12 2 NL RTM V652** eru sem hér segir:

A-tollur 15%

kr. 841.507,00

BV – gjald	kr. -	5.870,00
BX – gjald	kr.	3.913,00
Virðisaukaskattur 25,5%	kr.	214.085,00
Dráttarvextir til 20.01.2014	kr.	156.830,00
Samtals		kr. 1.210.465,00

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar **E GOD 11 09 2 NL RTM W025** eru sem hér segir:

A-tollur 15%	kr.	827.213,00
BV – gjald	kr. -	5.926,00
BX – gjald	kr.	3.951,00
Virðisaukaskattur 25,5%	kr.	210.436,00
Dráttarvextir til 20.01.2014	kr.	185.202,00
Samtals		kr. 1.220.876,00

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar **E SEL 28 05 2 NL RTM W149** eru sem hér segir:

A-tollur 15%	kr.	64.421,00
BV – gjald	kr. -	425,00
BX – gjald	kr.	283,00
Virðisaukaskattur 25,5%	kr.	16.392,00
Dráttarvextir til 20.01.2014	kr.	17.424,00
Samtals		kr. 98.095,00

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar **E BRU 21 05 2 NL RTM V187** eru sem hér segir:

A-tollur 15%	kr.	39.566,00
BV – gjald	kr. -	466,00
BX – gjald	kr.	311,00
Virðisaukaskattur 25,5%	kr.	10.049,00
Dráttarvextir til 20.01.2014	kr.	10.815,00
Samtals		kr. 60.275,00

Samtals til greiðslu ISK 2.589.711,00.

Allar fjárhæðir eru birtar með fyrirvara.

IV.

Úrskurðarorð.

Tollstjóri úrskurðar, með vísan til þess sem hér hefur verið rakið, um endurákvörðun aðflutningsgjalda af umræddum sendingum.

Vangreidd aðflutningsgjöld, ásamt dráttarvöxtum, skal greiða Tollstjóra þegar í stað.

Úrskurður þessi er kæránlegur til ríkistollanefndar, sbr. 118 gr. tollalaga. Kærufrestur er 60 dagar, talið frá póstlagningardegi úrskurðarins. Kærur skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Aðsetur ríkistollanefndar er að Bríetartúni 7,105 Reykjavík.

Athygli er vakin á því að kæra til ríkistollanefndar frestar ekki réttaráhrifum þessa úrskurðar.

V.

Niðurlag.

Greiða má vangreidd aðflutningsgjöld og dráttarvexti samkvæmt úrskurði þessum hjá Tollstjóra, Tryggvagötu 19, eða á reikning Tollstjóra í Landsbanka Íslands nr. 101-26-85002, kt. 650269-7649.

Ef greitt er í banka óskast afrit greiðslukvittunar sent á una.dagbjort.kristjansdottir@tollur.is eða á fax 562 5826, þar sem fram kemur númer úrskurðar þessa (1/2014).

Verði full skil ekki gerð í samræmi við úrskurðinn fyrir **5. febrúar nk.** má búast við að embættið grípi til þeirra aðgerða sem það hefur lögum samkvæmt til að fylgja slíkum málum eftir, svo sem synjun um heimild til skuldfærslu skv. 123. gr. tollalaga nr. 88/2005 og stöðvun tollafgreiðslu á öllum vörum til viðkomandi aðila skv. 131. gr. tollalaga.”

Með fyrrgreindri stjórnarsýslukæru dags. 06.02.2014 kærði eins og áður sagði kærandi úrskurð Tollstjóra um endurákvörðun, en í kærinni segir m.a.:

“Úrskurður Tollstjóra um endurákvörðun nr. 1/2014 END dags. 20. janúar 2014 er hér með kærður fyrir hönd A.

Óskað er eftir því að Ríkistollanefnd fresti réttaráhrifum hins kærða úrskurðar í samræmi við heimild þess efnis í 2. mgr. 29. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Meðfylgjandi er umræddur úrskurður auk andmæla félagsins til Tollstjóra dags. 20. desember 2013 og fylgiskjöl. Áskilinn er réttur til að skila greinargerð vegna kærunnar og mun það vera gert innan kærufrests, þ.e. fyrir 21. mars nk., eða eins fljótt og auðið er. “

Ríkistollanefnd hafnaði frestun á réttaráhrifum kæru með svohljóðandi bréfi dags. 22. febrúar 2014:

“ Vísað er til bréfs yðar til Ríkistollanefndar, dags. 6. Febrúar 2014, þar sem þér samhliða kæru f.h. A á úrskurði Tollstjóra nr. 1/2014 END farið fram á að Ríkistollanefnd sem æðra stjórnvald fresti réttaráhrifum úrskurðarins, sbr. heimild þar að lútandi í 29. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Á fundi Ríkistollanefndar þann 18. Febrúar s.l. var beiðni yðar tekin til umfjöllunar og var samdóma niðurstaða nefndarinnar eftirfarandi:

Í 9. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er með ótvíræðum hætti mælt svo fyrir að kæra til Ríkistollanefndar fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar tollstjóra. Með vísan til 3. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga og þess að litið er svo á að tollalög séu sérlög í skilningi ákvæðisins er erindi yðar um frestun réttaráhrifa nefnds úrskurðar hér með synjað.”

Í greinargerð kæranda dags. 11.04.2014 segir m.a.:

” G R E I N A R G E R Ð

Þann 6. febrúar 2014 kærði A, úrskurð Tollstjóra nr. 1/2014 END, dags. 20. janúar 2014, til Ríkistollanefndar. Með tölvupósti til undirritaðrar dags. 3. apríl 2014 var félaginu veittur frestur til skila á greinargerð til 11. apríl 2014.

Kröfugerð:

Kærandi gerir þá kröfu að úrskurður Tollstjóra nr. 1/2014 END, dags. 20. janúar 2014, verði felldur úr gildi.

Málflutningsumboð:

B, fer með mál þetta f.h. kæranda.

Kæruheimild:

Úrskurður Tollstjóra er kærður með vísan til heimildar í 118. gr. Tollalaga nr. 88/2005.

Málsatvik:

Ágreiningur er um tollflokkun hanska sem kærandi hefur um árabíl flutt hingað til lands fyrir milligöngu Cemex Trescon í Hollandi. Um er að ræða hanska sem uppfylla Evrópustaðla nr. NEN-EN 374 1-2-3, EN 455 1-2-3, EN 420 og AQL 1,5 og falla þar með í svokallaðan flokk 3 (Cat III). Kærandi hefur lagt fram vottorð frá viðurkenndri skoðunarstofu í samræmi við reglur 501/1994 þessu til stuðnings. Nefnd skoðunarvottorð eru gefin út af SATRA til framleiðanda hanskana, sjá fylgiskjal nr. 1 og 2, en framleiðandinn er virt framleiðslufyrirtæki í Malasíu, Top glove, sem sendir hanskana beint til kæranda skv. upprunavottorði, sjá fylgiskjal nr. 3.

Nánari málsatvicalýsingu er að finna í andmælabréfi kæranda til Tollstjóra dags. 20. desember 2013 og vísast til hennar framangreindu til fyllingar.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við málavaxtalýsingu sem fram kemur í hinum kærða úrskurði:

Á blaðsíðu 6 er vísað til úrskurðar Tollstjóra frá 5. maí 2011 og því haldið fram að kærandi hafi samþykkt þann úrskurð án andmæla. Hið rétta er hinsvegar að á þeim tíma var til umfjöllunar fyrir Ríkistollanefnd úrskurður Tollstjóra nr. 3/2011 en um var að ræða ágreining um tollflokkun samskonar vöru og kærandi flytur inn. Kærandi áskyldi sér því rétt til að óska eftir endurákvörðun síðar ef þau málaferli færu á þann veg að hann ætti betri rétt. Á þessum tímamarki var kæranda ekki kunnugt um úrskurð Ríkistollanefndar nr. 13/2010 sem fallið hafði einungis nokkrum dögum áður. Nú hefur kærandi hinsvegar kynnt sér bæði úrskurð Ríkistollanefndar nr. 13/2010 og nr. 2/2011 og telur alveg ljóst að tollflokka eigi þá hanska sem hér er um rætt á sama hátt og þá hanska sem til umfjöllunar voru í framangreindum úrskurðum.

Á blaðsíðu 7 vitnar Tollstjóri einnig til samskipta sinna við starfsmann SATRA, skoðunarstofu þeirrar sem gaf út skoðunarvottorð þau er kærandi hefur lagt fram. Samskiptin fóru fram á tölvupósti sem Tollstjóri veitti kæranda afrit af, sjá fylgiskjal nr. 7. Eins og sjá má þá setur Tollstjóri fram tvær spurningar í tölvupósti dags. 14. október 2013, önnur lítur að því hvort sjá megi á ljósriti af pakkningum þeirra hanska sem hér um ræðir að þeir falli í Category III en hin að því hvernig *megi tengja* ákveðna hanska við það skoðunarvottorð ef pakkningar þeirra eru ekki merktar framleiðanda. Tollstjóri fær svör við báðum þessum spurningum en þau eru byggð á mjög svo takmörkuðum og einhliða upplýsingum sem Tollstjóri veitir að öðru leyti en því að SATRA hefur undir höndum afrit viðkomandi skoðunarvottorða og ljósrit af pakkningunum eins og áður segir. Skemmst er frá því að segja að svör SATRA við fyrstnefndu spurningunni voru á þann veg að á pakkningarnar væri ritað að hanskarnir uppfylltu ákveðna Evrópustaðla sem leiða til þess að hanskarnir falli í Category III og að það væri einnig í samræmi við þær upplýsingar sem kæmu fram á skoðunarvottorðunum. Tollstjóri sá hinsvegar ekki ástæðu til að byggja á þessu í úrskurði sínum heldur rita eftirfarandi á bls. 8 í hinum kærða úrskurði; “Ekki kemur fram á umræddum skírteinum að varan falli í flokk 3 sem flóknar persónuhlífar (Category III).”, “Á umbúðum vörunnar kemur hvergi fram að hún falli í umræddan flokk.” og “Af umbúðum eða öðrum fyrirliggjandi gögnum verður því ekki ráðið að þeir hankar sem hér eru til umfjöllunar falli í flokk 3 (Category III).”. Kærandi gerir alvarlegar athugasemdir við framangreint, einkum í ljósi þess að Tollstjóri virðist leggja ofuráherslu á svar SATRA við síðarnefndu spurningunni sem starfsmaður SATRA hafði þó einungis mjög óljósar forsendur til að svara, svo ekki sé fastar að

orði kveðið. Svör SATRA við þeirri spurningu eru í samræmi við það og engan vegin á byggjandi í þeim ágreiningi sem hér er til umfjöllunar.

Þá eru gerðar sérstakar athugasemdir við það sem kalla mætti *orðhengilshátt* neðarlega á bls. 8 þar sem Tollstjóri sér ástæðu til að rýna í það hvort sá munur sé á orðasamböndunum “Tested according to” og “Quality according to” að það síðarnefnda merki að varan hafi ekki verið prófuð með jafn ítarlegum hætti og ef hið fyrrnefnda orðalag hefði verið notað. Ályktanir á þann veg eru vitaskuld algjörlega fráleitar.

Málsástæður og lagarök:

Hinn kærði úrskurður Tollstjóra byggir aðallega á því mati embættisins að hanskar þeir er kærandi flytur inn til landsins uppfylli ekki skilyrði sem sett hafi verið með úrskurði Ríkistollanefndar nr. 13/2010. Á blaðsíðu 7 í hinum kærða úrskurði fer Tollstjóri yfir þá eiginleika sem hann metur sem svo að hanskar þurfi að hafa til að tollflokkast í tnr. 4015.1901, sem öryggishanskar. Tollstjóri túlkar nefndan úrskurð ríkistollanefndar á þann veg að hanskar þurfi að uppfylla fjögur skilyrði þ.e. að umbúðir utan um hanska þurfi að vera CE-merktar, númer skoðunarstofu þurfi að vera á umbúðunum, umbúðir utan um vöru þurfi að vera merktar með Category III og viðeigandi táknmyndir þurfi að vera á umbúðunum. Að mati Tollstjóra uppfylli kærandi einungis tvö þessara meintu skilyrða þar sem þakkingar umræddra hanska séu ekki merktar orðrétt „Category III“ og kenninúmer skoðunarstofu komi ekki fram á þakkingunum. Önnur skilyrði séu uppfyllt að mati Tollstjóra þ.e. viðeigandi táknmyndir eru á þakkingunum og þær eru CE-merktar. Kærandi mótmælir þeirri túlkun Tollstjóra að líta beri svo á að tilvísanir til merkinga á þakkingum þeirra hanska sem til umfjöllunar voru í nefndum úrskurði sé hver og ein skilyrði sem undantekningarlaust þurfi að vera uppfyllt. Þá segir hvergi í umræddum úrskurði Ríkistollanefndar að þakkingar hanska þurfi að tilgreina orðrétt að viðkomandi vara falli í Category III heldur einungis að raunin sé sú. Kærandi telur eðlilega túlkun úrskurðarins þá að svo að hanskar falli í tnr. 4015.1901 þurfi þeir að uppfylla tvennt þ.e. þeir þurfa að falla í Category III skv. vottorði viðurkenndrar skoðunarstofu og vera CE-merktir. Styðji aðrar merkingar á þakkingum þeirra við framangreint þá sé það vel en það sé hinsvegar ekki skilyrði. Sú túlkun samræmist einnig úrskurði Ríkistollanefndar nr. 11/2005 sem vísað er til í nefndum úrskurði nefndainnar en þar

var einungis gerð krafa um að hanskar þeir sem til umfjöllunar voru uppfylltu ákveðinn Evrópustaðal og væru CE-merktir. Kærandi uppfyllir þannig skilyrði sem leiða má af úrskurði Ríkistollanefndar nr. 13/2010 samkvæmt eftirfarandi rökstuðningi.

Óumdeilt er að pakkningar umræddra hanska bera viðeigandi CE-merkingu. Þá stendur eftir hvort hanskarnir falli í Cate gory III skv. vottorði viðurkenndrar skoðunarstofu.

Eins og að framan er getið hefur kærandi lagt fram skoðunarvottorð frá SATRA, viðurkenndri skoðunarstofu í samræmi við reglur 501/1994, til handa Top glove í Malasíu, framleiðanda hanskana sem að auki sjá um pökkun þeirra og sendingu til kæranda á Íslandi, sbr. áður nefnt upprunavottorð. Þetta er ekki hrakið í hinum kærða úrskurði.

Samkvæmt VI. viðauka við reglur nr. 501/1994 fer EB-gerðarprófun þannig fram að viðurkenndur skoðunaraðili athugar hvort eintak af persónuhlíf uppfylli viðeigandi skilyrði og vottar að svo sé. Eðli málsins samkvæmt, og í samræmi við það sem fram kemur í 3. gr. viðaukans, sendir framleiðandi skoðunaraðila tiltekinn fjölda eintaka af viðkomandi persónuhlíf í þessu tilliti. Að auki fer skoðunaraðili yfir tæknileg gögn frá framleiðanda er varða framleiðslu viðkomandi persónuhlífar og staðreynir að varan sé framleidd í samræmi við þau. Vottorð þetta er í kjölfarið sent framleiðanda sem notar það í viðskiptum sínum í framhaldi. Viðskiptavinir hans treysta því að framleiðsluferlið sé óbreytt eftir útgáfu skoðunarvottorðs. Vottorð hafa fullt sönnunargildi um þessi efni.

Í hinum kærða úrskurði er því haldið fram af hálfu Tollstjóra að ósannað sé að framlögð skoðunarvottorð eigi við þá hanska sem hér um ræðir. Kærandi telur augljóst, af framlögðum gögnum og þeim úrskýringum sem hér eru ritaðar, að skoðunarvottorð þessi eigi í raun við umrædda hanska og framleiðsluferli þeirra. Kærandi hefur, auk nefndra skoðunarvottorða, lagt fram yfirlýsingu frá seljanda þess efnis að skoðunarvottorð þessi eigi við umrædda hanska, sjá fylgiskjal nr. 6. Þá hefur Tollstjóri undir höndum tölvupóstsamskipti seljanda og framleiðanda frá 3. til 10. október 2013 sem sýna, svo ekki verður um villst, að framlögð skoðunarvottorð eru

komin frá framleiðanda, sjá fylgiskjal nr. 5. Kærandi telur ótækt að rengja þær yfirlýsingar og þau vottorð sem fram hafa verið lögð af hálfu bæði framleiðanda og seljanda.

Kjarni málsins er sá að hér er til umfjöllunar það hvort viðkomandi hanskar falli í flokk sem þannig er lýst í tollskrá; “Öryggishanskar, viðurkenndir af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt reglum nr. 501 31. ágúst 1994.”. Eins og fram kemur í úrskurði Ríkistollanefndar nr. 13/2010 er þetta ekki í samræmi við raunverulegt hlutverk Vinnueftirlits ríkisins. Vinnueftirlitið viðurkenni hinsvegar þá aðila sem taka að sér EB-gerðarprófanir og eru á skrá hjá stjórnvöldum innan aðildarríkja EES sbr. IV. kafla reglna nr. 501/1994. Óumdeilt er að það á við um þá skoðunarstofu sem hér um ræðir, SATRA. Fyrir liggja vottorð frá SATRA til handa framleiðanda hanskana og bæði seljandi og framleiðandi hafa fullyrt að eigi við um þá hanska sem hér um ræðir. Þegar að þeim sökum ber að flokka þá hanska sem hér um ræðir í tnr. 4015.1901.

Sé óskað frekari upplýsinga verður undirrituð fúslega við því. “

Með greinargerð kæranda fylgdi m.a.:

Afrit skoðunarvottorðs vegna Nitrile hanska og vegna Latex hanska, afrit upprunavottorðs og afrit yfirlýsingar seljanda.

Greinargerð kæranda var send Tollstjóra til umsagnar með bréfi dags. 11. apríl 2014.

Í umsögn Tollstjóra dags. 14.05.2014 segir m.a.:

“ Umsögn vegna kæru B hdl., f.h. A, á úrskurði Tollstjóra nr. 1/2014 END, um endurákvörðun aðflutningsgjalda

I.

Með bréfi dags. 11. apríl 2014 barst embætti Tollstjóra beiðni Ríkistollanefndar um að veita umsögn vegna kæru B hdl., f.h. A, í samræmi við 118. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Mál þetta varðar endurákvörðun fjögurra sendinga með sendingarnúmerin; E GOD 04 12 2 NL RTM V652, E GOD 11 09 2 NL RTM W025, E SEL 28 05 2 NL RTM W149 og E BRU 21 05 2 NL RTM V187. Endurákvörðun embættis Tollstjóra byggði á þeim ástæðum að við endurskoðun embættisins á áðurgreindum sendingum kom í ljós að hanskar í sendingunum voru ranglega tollflokkaðir og leiddi það til þess að aðflutningsgjöld voru vangreidd. Tollstjóri telur að aðflutningsgjöld af umræddum sendingum hafi ekki verið rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu og því voru aðflutningsgjöld endurákvörðuð í samræmi við 111. gr. tollalaga.

Kærandi flytur inn einnota hanska sem tollmiðlari hans tollflokkaði í tollskrárnúmer (tnr.) 4015.1100, sem hanska til skurðlækninga. Þegar kærandi fékk senda tilkynningu um mögulega endurákvörðun Tollstjóra á ofangreindum sendingum fór kærandi fram á að varan yrði tollflokkuð í tnr. 4015.1901, sem öryggishanskar. Tollstjóri telur að flokka beri vöruna í tnr. 4015.1909.

Varðandi frekari málavexti vísast til hins kærða úrskurðar.

II.

Krafa kæranda snýr að því að umræddir hanskar skuli flokkast í tnr. 4015.1901, sem öryggishanskar. Kærandi vísar til úrskurða Ríkistollanefndar nr. 13/2010 og 2/2011 og telur að tollflokka eigi þá hanska sem hér um ræðir á sama hátt og þá hanska sem til umfjöllunar voru í framangreindum úrskurðum.

Tollstjóri lagði fram tvær spurningar til skoðunarstofu Satra með tölvupósti embættisins frá 14. október 2013. Spurningarnar lutu annars vegar að því hvort sjá megi á ljósriti af pakkningum þeirra hanska sem hér um ræðir hvort þeir falli í Category III og hins vegar því hvernig megi tengja ákveðna hanska við það skoðunarvottorð ef pakkningar þeirra eru ekki merktar framleiðanda. Kærandi telur að Tollstjóri hafi lagt mikla áherslu á svar Satra við síðari spurningunni, þar sem Tollstjóri hafnar að hanskarnir falli í Category III. Kærandi gerir athugasemdir við framangreint, þar sem svör Satra við þeirri spurningu hafi byggt á óljósum forsendum. Ekki sé því hægt að byggja á svörum Satra í þeim ágreiningi sem hér er til umfjöllunar.

Skoðunarstofan Satra, gaf út EC-Type Examination Certificate, sem kærandi leggur fram í málinu. Tollstjóri óskaði eftir almennu álitu þeirra í þessu máli. Í svari sem barst embættinu kemur fram að nauðsynlegt hefði verið að fá útgefið viðbótarvottorð (Extension certificate), sem væri samþykkt af framleiðanda í Malasíu og byggt á framlögðum tækniskýrslum. Þá fyrst hefðu þeir hanskar sem hér eru til umfjöllunar fengið úttekt fullgildrar skoðunarstofu og myndu flokkast í viðeigandi flokk byggt á þeirri rannsókn. Tollstjóri hafnar því að ofangreint svar skoðunarstofu skuli ekki hafa gildi í þessu máli. Með vísan til svara sem fengust við fyrirspurnum embættisins og þess mats sem Tollstjóri hefur sjálfur lagt á vöruna er ekki að sjá að tenging sé á milli hanskana sem CMT flytur inn til Hollands og þeirra skírteina (EC-Type Examination Certificate) sem liggja fyrir. Ekki kemur fram á umræddum skírteinum að varan falli í flokk 3 sem flóknar persónuhlífar (Category III).

Kærandi telur að Tollstjóri sé með orðhengilshátt er hann setur út á orðlagið „testing according to“ og „quality according to“, þar sem Tollstjóri heldur því fram að það síðarnefnda merki að varan hafi ekki verið prófuð með jafn ítarlegum hætti. Telur kærandi þessar ályktanir fráleitar. Tollstjóri hafnar þessum rökum kæranda. Eðli máls samkvæmt verði að líta svo á að vöru sem lýst sé á umbúðum sem „tested according to“ hljóti að hafa farið í ítarlegri prófanir en vara sem á er letrað „quality according to“. Með vísan til orðanna hljóðan telur Tollstjóri aðra túlkun ekki bæra. Ganga verði út frá því að framleiðendur vöru setji sem ítarlegustu upplýsingar á umbúðir sem þeir geta svo staðið við. Þannig má leiða líkum að því að framleiðandi á hönskum sem hefur fengið það viðurkennt að hanskarnir falli undir Category III sem flóknar persónuhlífar, setji þær upplýsingar fram, vöru sinni til framdráttar. Þessar upplýsingar séu einnig til hagsbóta fyrir væntanlega kaupendur, þar sem vara sem

merkt sé á umbúðum sem Category III sé ætluð til fjölbreyttari nota en vara sem merkt er t.d. aðeins sem Category I (einföld persónuhlíf).

III.

Eins og áður hefur komið fram setti Ríkistollanefnd með úrskurði nr. 13/2010 fram hvaða eiginleika hanskar þurfi að hafa til að flokkast í tnr. 4015.1901, sem öryggishanskar. Eru skilyrðin eftirfarandi;

5. **Umbúðir utan um hanska þurfa að vera CE-merktar.**
6. **Númer skoðunarstofu þarf að vera á umbúðum.**
7. **Umrædd vara þarf að falla undir Category III (flokkur 3, flóknar persónuhlífar).**
8. **Viðeigandi táknmyndir eiga að vera á umbúðum.**

Á vörunni sem hér er til skoðunar kemur hvergi fram á umbúðum númer skoðunarstofu né að varan flokkist í Category III. Á botni umbúðanna stendur hins vegar „minimal risk only“. Kærandi heldur því fram, með vísan til svars frá Satra (fylgiskjal nr. 7), að vara hans falli undir Category III því varan uppfylli ákveðna Evrópustaðla. Vísar kærandi í því sambandi til úrskurðar Ríkistollanefndar nr. 2/2011 og telur sína vöru sambærilega þeirri vöru sem þar var til umfjöllunar. Tollstjóri bendir hins vegar á að í því máli kom greinilega fram á umbúðum vörunnar að varan félli í Category III og einnig kom fram númer skoðunarstofu. Hafnar því Tollstjóri þessum rökum kæranda þar sem hvorki sé um sambærilega vöru að ræða né að málsatviksému með sambærilegum hætti og í máli því sem hér er til umsagnar.

Kærandi heldur því fram að hvergi komi fram í úrskurði Ríkistollanefndar nr. 13/2010 að umbúðir utan um vöru þurfi að vera merktar sem Category III, í úrskurðinum séu aðeins til umfjöllunar hanskar sem falli í Category III. Varan sem hér um ræðir er hins vegar öðruvísi en flestar vörur með tilliti til merkinga. Það eru engar merkingar á hönskunum sjálfum, allar merkingar og útskýringar eru á umbúðum vörunnar. Þar má finna allar upplýsingar er varðar stærð hanskana o.fl. Tollstjóri telur því eðlilegast að fram komi á umbúðum hanskana í hvaða flokk þeir teljast (category I, II eða III). Einnig er vakin athygli á því að í úrskurði Ríkistollanefndar nr. 2/2011 komu fram allar þær upplýsingar sem nefndin hefur skilyrt til að hanskar flokkist sem öryggishanskar fram á umbúðum vörunnar.

Kærandi mótmælir þeirri túlkun Tollstjóra að líta beri svo á að tilvísanir til merkinga á pakkningum þeirra hanska sem til umfjöllunar voru í nefndum úrskurði sé hvert og eitt skilyrði sem undantekningarlaust þurfi að vera uppfyllt. Þá segi hvergi í umræddum úrskurði að pakkningar hanska þurfi að tilgreina orðrétt að viðkomandi vara falli í Category III heldur einungis að raunin sé ekki sú í þessu máli. Kærandi telur eðlilega túlkun úrskurðarins þá að svo að hanskar falli í tnr. 4015.1901 þurfi þeir að uppfylla tvennt, þ.e. þeir þurfi að falla í Category III skv. vottorði viðurkenndrar skoðunarstofu og vera CE merktir. Telur kærandi þetta samræmast túlkun á úrskurði Ríkistollanefndar nr. 11/2005, þar sem einungis sé gerð krafa um að hanskar þeir sem til umfjöllunar voru uppfylltu ákveðinn Evrópustaðal og væru CE merktir. Kærandi telur þannig að hann uppfylli skilyrðin sem leiða má af úrskurði Ríkistollanefndar nr. 13/2010. Styðji aðrar merkingar á pakkningum þeirra við fleiri skilyrði sé það vel en hins vegar ekki skilyrði.

Tollstjóri hafnar þeim rökum kæranda að Ríkistollanefnd hafi ekki sett fram ófrávíkjanleg skilyrði um eiginleika sem vara verði að uppfylla til að flokkast í tnr. 4015.1901, sem öryggishanskar. Tollstjóri telur ótækt að líta á orð Ríkistollanefndar í téðum úrskurði sem viðmið og að verið sé að tiltaka atriði sem gætu komið sé vel en séu ekki skilyrði. Tollstjóri telur að um sé að ræða fordæmisgefandi úrskurð um hvaða hanskar skuli flokkast í tnr. 4015.1901, sem öryggishanskar. Með vísan til þessa ítrekar Tollstjóri framkomin rök um þau fjögur skilyrði sem hanskar þurfa að uppfylla til að teljast vera í tnr. 4015.1901. Vara kæranda uppfyllir ekki þau skilyrði að flokkast í umrætt tollskrárnúmer þar sem númer skoðunarstofu vantar á umbúðir sem og þurfa umbúðirnar að bera það með sér að varan falli í Category III (flóknar persónuhlífar).

IV.

Tollstjóri ítrekar framkomin rök sín í hinum kærða úrskurði og er vísað til hans að öðru leyti.

Með hliðsjón af framansögðu fer embættið fram á að úrskurður Tollstjóra nr. 1/2014 END verði staðfestur. “

Umsögn Tollstjóra dags. 14.05.2014 var send kæranda til andsvara með bréfi dags. 11. júní s.l.

Í viðbótargreinargerð kæranda dags. 8. júlí 2014 segir m.a.:

VIÐBÓTARGREINARGERÐ

Vísað er til bréfs Ríkistollanefndar dags. 11. júní sl. en meðfylgjandi bréfinu var umsögn Tollstjóra vegna stjórnslukæru A á úrskurði nr. 1/2014.

Kærandi telur að greinargerð hans dags. 11. apríl sl. svari í meginatriðum framangreindri umsögn Tollstjóra en sér þó ástæðu til að hnykkja á nokkrum atriðum. Tollstjóri vísar til þess í umsögn sinni að *nauðsynlegt* sé að fá útgefið viðbótarvottorð (extension certificate) og að þá fyrst hefðu þeir hanskar sem hér eru til umfjöllunar fengið úttekt viðurkenndrar skoðunarstofu. Kærandi vill ítreka það að umræddar upplýsingar fær Tollstjóri í óformlegum tölvupósti frá starfsmanni SATRA, sjá framlagt fylgiskjal nr. 7. Þau svör sem Tollstjóri fær í nefndum tölvupósti eru byggð á ófullnægjandi upplýsingum, eins og raunar kemur fram í svari viðkomandi starfsmanns, og alfarið á forsendum Tollstjóra þ.e. svörin eru í samræmi við spurningar og upplýsingar sem einhliða eru settar fram af hálfu Tollstjóra. Þá skal á það bent að í nefndum tölvupósti er vísað í svokallað „re-branding“ en það er hinsvegar ekki tilfellið hvað þá hanska varðar er hér um ræðir. Þá hefur Tollstjóri ekki lagt fram nein önnur gögn eða vísað til nokkurra lagaákvæða til stuðnings þeirri ályktun sinni að nauðsynlegt sé að leggja fram viðbótarvottorð í máli þessu.

Tollstjóri heldur því enn fram að stigsmunur sé á orðasamböndunum “Tested according to” og “Quality according to”. Kærandi ítrekar að slíkt er fráleit túlkun. Að mati kæranda hlýtur það að vera alveg ljóst að merking þess efnis að gæði vöru séu í samræmi við ákveðna staðla sé einmitt byggð á rannsóknum á því. Grundvöllur þess að vara er merkt “Quality according to” er að hún hafi einmitt staðist viðkomandi rannsóknir. Þá mætti hæglega snúa dæminu við og halda því fram að vara merkt “Tested according to” uppfyllti ekki sömu gæðakröfur og “Quality according to” þar sem hvergi kæmi fram að varan hefði staðist viðkomandi rannsóknir. Kærandi er hinsvegar ekki hrifinn af slíkum orðhengilshætti og furðar sig á að Tollstjóri reyni með þeim hætti að rökstyðja ákvörðun sína.

Þá hefur Tollstjóri ítrekað haldið því fram að hvorki framlagt skoðunartorð né pakkningar umræddra hanska *beri það með sér* að um sé að ræða hanska sem falli í flokk 3 (Category III). Er framangreind niðurstaða með öllu óskiljanleg þar sem fram kemur bæði á vottorðinu og pakkningunum að hanskarnir uppfylli einmitt þá Evrópustaðla sem flokkunin byggir á. Uppfylli vara ákveðna Evrópustaðla þá fellur hún sjálfkrafa í flokk 3. Sé það tilgreint á pakkningu að varan uppfylli viðkomandi Evrópustaðla ber hún það væntanlega með sér að hún uppfylli þá staðla. Annað er fráleitt. Þá er ljóst af framangreindum tölvupóstsamskiptum Tollstjóra við starfsmann SATRA að nægjanlegt var fyrir viðkomandi starfsmann að sjá ljósrit af pakkningum umræddra hanska til að svara því til að ljóst væri af merkingum þeirra að hanskarnir féllu í flokk 3.

Að endingu vísar kærandi til þess sem áður hefur fram komið í greinargerðum sem lagðar hafa verið fram í málinu af hans hálfu, bæði hvað varðar málsatvik, málsástæður og lagarök.

Sé óskað frekari upplýsinga verður undirrituð fúslega við því. “

Niðurstaða Ríkistollanefndar.

Með kæru, dags. 6. febrúar 2014, hefur kærandi skotið til Ríkistollanefndar úrskurði tollstjóra nr. 1/2014 END um endurákvörðun aðflutningsgjalda frá 20. janúar 2014, sbr. kærueimild í 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir kærana ásamt málgögnum á fundum sínum. Eins og áður er rakið fjallar mál þetta um endurákvörðun Tollstjóra á fjórum vörusendingum sem kærandi hafði flutt til landsins. Aðilar eru sammála um að tollflokka beri vöruna í 4015 en greinir á um undirliði eins og áður er rakið. Vöruliður 4015 skiptist á eftirfarandi hátt:

4015 Fatnaður og hlutar til hans (þar með taldir hanskar, belgvettlingar og vettlingar⁵), til hvers konar nota, úr vólkaníseruðu gúmmíi, þó ekki harögúmmíi:

— Hanskar, belgvettlingar og vettlingar:

4015.1100 — Til skurðlækninga

— — Aðrir:

4015.1901 — — — Öryggishanskar, viðurkenndir af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt reglum nr. 501 31. ágúst 1994

4015.1909 — — — Annars

4015.9000 — Annað

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði er aðdragandi málsins sá að 5. maí 2011 úrskurðaði tollstjóri í máli gegn kæranda að einnota hanskar sem kærandi hafði flutt inn og flokkað sem í 4515-1100 sem *hanska til skurðlækninga* bæri að flokka í tollskrárnúmer 4015-1909 sem *hanska aðra en skurðstofuhanska og öryggishanska*. Við innflutning á þeim sendingum sem um ræðir í þessu máli og tollafgreiddar voru á árinu 2012 liggur hins vegar fyrir að kærandi hefur flokkað sams konar vöru í tollskrárnúmer 4015-1901 sem *öryggishanska*. Um er að ræða fjórar sendingar sem innflytjandi hefur keypt af fyrirtækinu Cemex Trecon í Hollandi, sbr. meðfylgjandi vörureikninga, en framleiðandi vörunnar er Top Glove í Malasíu og sendir framleiðandi vöruna beint á innflytjanda. Tollstjóri sendi innflytjanda tilkynningu um fyrirhugaða endurákvörðun 20. ágúst 2013. Þann 13. september 2013 kom fulltúi innflytjanda á fund hjá Tollstjóra og lagði fram sýnishorn af vörunni og umbúðum hennar, sem og sýnishorn af „*Semper Care*“ hönskum sem hann segir að fjallað hafi verið um í úrskurði nefndarinnar nr. 2/2011.

Þann 20. janúar 2014 endurákvörðaði tollstjóri aðflutningsgjöld vörunnar. Taldi hann að hana bæri að flokka í tollskrárnúmer 4015-1909. Kæranda og tollstjóra greinir á um hvort varan og umbúðir hennar uppfylli þær kröfur sem vísað er til í úrskurði Ríkistollanefndar nr. 13/2010, sbr. og úrskurð nr. 2/2011, um tollflokkan öryggishanska. Í því sambandi þarf að meta hvort skoðunarvottorð (EC Type-examination Certificate) frá vottunaraðilanum SATRA í Bretlandi sem kærandi hefur lagt fram teljist vera því til sönnunar að hin innflutta vara teljist flókin persónuhlíf í flokki 3 og geti flokkast í tollskrárnúmer 4015-1901 sem öryggishanskar. Þá greinir

kærandi og tollstjóra einnig á um hvort máli skipti að á umbúðum vörunnar standi „*Quality according to*“ en ekki „*Tested according to*“. Þau sýnishorn vörunnar sem kærandi lagði fram hjá Tollstjóra liggja fyrir í málinu hjá Ríkistollanefnd. Kærandi hefur vísað til þess að þeir „*Semper Care*“ hanskar sem fjallað var um í úrskurði Ríkistollanefndar nr. 2/2011 séu augljóslega sama vara og um er deilt í þessu máli.

Í úrskurði Ríkistollanefndar nr. 13/2010 var byggt á reglum nr. 501/1994, um gerð persónuhlífa, við mat á því hvort hin innflutta vara og vottun hennar uppfyllti kröfur sem gerðar eru til svonefndra flókinna persónuhlífa. Umræddar reglur fela í sér innleiðingu á tilskipun 89/686/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar. Í nefndum úrskurði Ríkistollanefndar var það lagt til grundvallar að prófunarvottorð samþykktra erlendra skoðunaraðila á grundvelli tilskipunar 89/686/EBE á hinni innfluttu vöru teljist jafngild þeirri viðurkenningu sem gert er ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins veiti á grundvelli reglna nr. 501/1994 og vísað er til í tollskrárnúmeri 4015-1901. Þá er einnig í nefndum úrskurði byggt á þriggja flokka skiptingu persónuhlífa sem gerð er grein fyrir í reglum nr. 501/1994. Vegna þeirra álitamála sem fram eru komin í þessu máli telur Ríkistollanefnd rétt að fjalla með ítarlegri hætti um fyrrgreinda þrískiptingu og þær mismunandi kröfur sem gerðar eru til persónuhlífa og vottunar þeirra. Þannig er í reglum nr. 501/1994 gert ráð fyrir eftirfarandi skiptingu:

Flokkur 1 (einfaldar persónuhlífar). Í þennan flokk falla persónuhlífar, þar sem gengið er út frá því að notandinn geti metið þá vernd sem hlífin veitir gegn minniháttar hættum („minimal risk“) og gerir sér örugglega grein fyrir því tímanlega. T.d. uppþvottahanskar og regnfatnaður. Vísað er til þessa flokks persónuhlífa í 2. tl. 8. gr. reglnanna. Búnaður í þessum flokki ber CE merki sem framleiðanda sjálfum er heimilt að setja á vöruna á sína ábyrgð ásamt tilvísun í viðeigandi staðal. Samkvæmt 2. tl. 8. gr. reglnanna eru þessar vörur undanþegnar þeirri EB gerðarprófun sem vísað er til í viðauka VI við reglurnar.

Flokkur 2 (hvorki einfaldar né flóknar persónuhlífar). Í þennan flokk falla flestar persónuhlífar. T.d. hjálmar, heyrnahlífar og öryggisskór, hlífðarhanskar fyrir málmsuðumenn (rafsuðuhanskar). Í þennan flokk falla persónuhlífar sem hvorki falla í flokk 1 eða 3. Þessar persónuhlífar eru gerðarprófaðar og skal það koma fram á

viðeigandi vottorði, sbr. 14. gr. regnanna. Samkæmt III. kafla regnanna skulu þessar persónuhlífar bera CE merki auk tilvísunar í staðal.

Flokkur 3 (flóknar persónuhlífar). Þessar persónuhlífar eru ætlaðar sem vernd gegn lífshættu eða alvarlegri, varanlegri hættu þar sem notandinn getur ekki gert sér grein fyrir hættunni í tíma. T.d. öndunarfærahlífar með síu, fallvarnarbúnaður og persónuhlífar, m.a. hlífðarhanskar fyrir rafmagnsvinnu og til að verjast miklum hita (yfir 100°). Í þennan flokk persónuhlífa falla þær sem vísað er til í 9. gr. regnanna. Þær eru gerðarprófaðar og skal það koma fram á prófunarvottorði, sbr. 14. gr. regnanna. Til viðbótar skal framleiðandi persónuhlífa í flokki 3 sjá til þess að sérstakt eftirlit sé haft með framleiðslu þeirra í samræmi við viðauka VII við reglurnar. Persónuhlífar bera CE merki auk tilvísunar í viðeigandi staðal. Áskilið er í 1. tl. 11. gr. regnanna að þegar samþykktur aðili tekur þátt í eftirliti með framleiðsluferlinu samkvæmt VII. viðauka beri að bæta kenninúmeri hins samþykka aðila við CE merkinguna.

Samkvæmt framgreindu skal búnaður í flokki 1 (Cat I) og í flokki 2 (Cat II) bera CE-merkið. Búnað í flokki 3 (Cat III) skal auk CE merkis merkja með kenninúmeri samþykks aðila (prófunarstofu) sem hefur með höndum sérstak eftirlit, sbr. VI. kafla, auk táknmynda til merkis um hve mikla vernd búnaðurinn veitir. Í 2. tl. 11. gr. regnanna segir að CE merkið skuli sett á hverja framleidda persónuhlíf þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt allan þann tíma sem ætla má að persónuhlífin verði í notkun; sé þetta ekki hægt vegna eiginleika vörunnar megi setja CE merkið á umbúðirnar.

Skoðunarvottorðin sem kærandi hefur lagt fram í málinu eru númeruð „1572 Issue 6“ og „3024 Issue 1“. Á þeim kemur fram að þau eru gefin út á framleiðandann Top Glove í Malasíu, en nafn seljanda í Hollandi er ekki getið á vottorðinu. Vottorðin eru merkt vottunaraðilanum SATRA og kemur einnig númer hans 0321 fram á skírteininu („Notified Body 0321“). Í vörulýsingu á skírteinunum kemur fram að um er að ræða annars vegar „Nitrile Examination Gloves“ og hins vegar „Latex Examination Gloves.“ Segir í vottorðinu að vara hafi verið EB gerðarprófuð í samræmi við 10. gr. tilskipunar 89/686/EBE um persónuhlífar og að varan uppfylli kröfur sem gerðar séu til flókinna persónuhlífa. Á umbúðum vörunnar sem kærandi hefur lagt fram kemur fram nafn seljanda vörunnar í Hollandi „CMT“ en að varan sé framleidd í Malasíu. Á

umbúðunum kemur fram að varan er „*Latex gloves*“. CE merkið er tilgreint á umbúðunum en ekki er getið um númer vottunaraðila. Eins og lýst er hér að framan er það skilyrði sett í reglum nr. 501/1994 að kenninúmer eftirlitsaðila komi fram á vörunni sjálfri eða eftir atvikum umbúðum hennar. Bendir Ríkistollanefnd á að á umbúðum vöru þeirrar sem um getur í úrskurði nr. 2/2011 kemur fram númer vottunaraðila. Á umbúðum vöru þeirrar sem hér um ræðir kemur hvergi fram að varan sé flókin persónuhlíf í flokki 3. Þessu til viðbótar eru umbúðir vörunnar merktar „*minimum risk*“ sem gefur til kynna að hana eigi frekar að telja til persónuhlífa í flokki 1. Í vottorði sem kærandi hefur lagt fram til marks um það að varan teljist flókin persónuhlíf kemur fram að það sé gefið út af eftirlitsaðilanum SATRA. Samkvæmt upplýsingum frá SATRA ber að gefa út sérstakan viðauka við vottorð þegar svo stendur á að varan er ekki merkt upprunalegum framleiðanda heldur söluaðila innan ESB. Þetta hefur ekki verið gert.

Eins og áður greinir eru kærandi og Tollstjóri ekki á einu máli um hvort máli skipti að á umbúðum vörunnar standi „*Quality according to*“ en ekki „*Tested according to*“. Í þessu sambandi bendir Ríkistollanefnd á að eins og að ofan er lýst, sbr. 8.-15. gr. reglna nr. 501/1994, eru gerðar vægari köfur um CE merkingar einfaldra persónuhlífa en til merkingar flókinna persónuhlífa. Vegna einfaldra persónuhlífa nægir að leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda um að varan sé framleidd í samræmi við tilgreinda staðla. Vegna CE merkingar flókinna persónuhlífa er gerð bæði krafa um gerðarprófun og um eftirlit með framleiðslu. Þrátt fyrir að þessi munur á orðalagi sem Tollstjóri hefur vísað til geti einn og sér ekki verið ákvarðandi um flokkun vörunnar í flokk 1 eða 3, þá styður þetta niðurstöðu Tollstjóra um þann mun sem er á þeirri vöru sem er til umfjöllunar í þessu máli og þeirrar vöru sem fjallað var um í úrskurði nr. 2/2011.

Með vísan til framanritaðs telur Ríkistollanefnd að þrátt fyrir að á umbúðum vörunnar sé tilvísun í viðeigandi staðla, skortir töluvert á að varan og umbúðir hennar beri með sér svo óyggjandi sé að um sé að ræða flókna persónuhlíf í skilningi reglna nr. 501/1994. Misvísandi upplýsingar og framsetning þeirra á umbúðum er ekki í samræmi við reglur nr. 501/1994 og benda frekar til þess að um einfalda persónuhlífar sé að ræða. Þá hefur tilgreindur eftirlitsaðili (SATRA nr. 0321) lýst því yfir að framlögð skírteini vegna vörunnar séu ekki gefin út í samræmi við reglur og að gefa þurfi út sérstök viðaukaskírteini þegar seljandi er ekki framleiðandi vörunnar. Að mati Ríkistollanefndar skortir tengsl á milli hinnar innfluttu vöru og vottorða þeirra sem

liggja fyrir í málinu. Verða því umrædd vottorð ekki lögð til grundvallar því að varan teljist flókin persónuhlíf er flokka beri í tollskrárnúmer 4015.1901.

Með vísan til þess sem hér að framan er rakið og gagna málsins að öðru leyti er það niðurstaða Ríkistollanefndar að varan Latex hanskar og Nitrile hanskar skuli falla undir tollskrárnúmer 4515.1909. Verður því að hafna kröfum kæranda í málinu.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan

ÚRSKURÐ:

Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður Tollstjóra, nr. 1/2014 END dags. 20. janúar 2014, um tollflokkun á Latex hönskum og Nitrile hönskum staðfest. Tollflokka ber vöruna í tnr. 4015.1909.